

## 41. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 02.05 2017, kl. 13.30

---

Mættir voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Lárus Heiðarsson. Einnig voru mætt Unnur Inga Dagsdóttir bókari, Aðalsteinn Sigurðsson og Ingvar Rafn Stefánsson frá Deloitte. Þorvarður og Anna Bryndís 3. varamaður mættu til fundar 13.45.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá.

**1. Ársreikningar Fljótshrepps 2016, síðari umræða.**

**2. Skýrsla oddvita**

**3. Deiliskipulag Geldingafell**

Skipulagsstofnun dags. 05.04 2017

**4. Austurbrú, þjónustusamningur**

**5. Rafhleðslustöðvar**

**6. Ársfundur Austurbrúar ses**

**7. Strætisvagnar Austurlands**

**8. Kröflulína 3, umsögn um umhverfismat**

**9. Bréf**

a) Lánasjóður sveitarfélaga dags. 19.04 2017

b) Minnisblað frá HAUST dags. 08.04 2017

c) Forsætisráðuneytið dags. 03.03 2017

d) Vegagerðin dags. 30.03 2017

**10. Umhverfisstyrkir**

Bjarki Jónsson , Víðivöllum ytri II

**11. Fjárbeiðnir**

a) Leikfélag Fljótshrepps

b) BFF, Búum vel verkefnið (frestað afgreiðslu á fundi 06.12 2016) .

**12. Fundargerðir**

a) Brunavarnir á Héraði 12.04 2017

b) Aðalfundur Skógarorku ehf 06.04 2017. Ársreikningur 2016

c) HAUST 05.04 2017

**13. Önnur mál.**

**1. Ársreikningar Fljótshrepps 2016, síðari umræða.**

Aðalsteinn Sigurðsson endurskoðandi ársreikninga Fljótsdalshrepps fór yfir ársreikninginn. Helstu niðurstöðutölur ársreiknings Fljótsdalshrepps 2016, í þús. kr. :

Rekstrartekjur A og B hluta	154.990
Rekstrargjöld A og B hluta	126.050
Rekstarniðurstaða fyrir afskriftir	28.940
Afskriftir A og B hluta	28.391
Rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	548
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	7.673
Rekstrarniðurstaða	8.222
Eignir samtals	869.051
Skuldir og skuldbindingar samtals	24.648
Handbært fé í árslok	170.870
Veltufé frá rekstri	36.785

Fljótsdalshreppur uppfyllir skilyrði sem sveitarfélögum eru sett um skuldahlutfall (skuldahlutfall Fljótsdalshrepps er 0,0 %, en má hæst vera 150%) og rekstrarafkoma þriggja síðustu ára er jákvæð. Veltufé frá rekstri er vel viðunnandi og eignastaða sterk. Helstu frávik frá fjárhagsáætlun skýrast af hærri útsvarsgreiðslum og fasteignaskatti en áætlað var, hærri gjaldfærslu á framkvæmdum við vegabætur, meiri styrkjum til atvinnumála en áætlað var og breytingum á innri leigu og innra láni. Meðal framtalinna eigna er vsk krafa vegna byggingar Laugarfells- og Fjallaskarðsskála, sá vsk á að fást endurgreiddur þegar gengið hefur verið frá stofnun Þjóðlenda á svæðum sem skálarnir eru á og lóðaleigusamningum. Þjóðlenda og lóð Laugarfellsskála hefur verið stofnuð í fasteignaskrá og viðæður standa yfir við forsætisráðuneytið um afnotasamning af lóð skálans. Langtímalán að upphæð kr. 7, 8 millj. hvílir á 2 félagslegum íbúðum á Hallormsstað sem Fljótsdalshreppur á með Fljótsdalshéraði.

*Eftir umræður um ársreikning og endurskoðunarskýrslu yfirlit Unnur Inga, Aðalsteinn og Ingvar fundinn.*

Oddviti bar ársreikning Fljótsdalshrepps fyrir árið 2016 upp og var hann samþykktur samhljóða og undirritaður.

## 2. Skýrsla oddvita

Velferðarráðuneytið telur tilefni til að beina því til sveitarfélaga að taka tillit til leiðbeinandi reglna ráðuneytisins um sérstakan húsnæðisstuðning um að meta skuli þörf fyrir slíkan stuðning á grundvelli framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna, í stað þess að byggja einungis á hlutlægum tekju- og eignaviðmiðum.

Icelandlastminute ehf býður sveitarfélögum aðstoð við að finna heimagistingar, sem hugsanlega ætti að skrá sem atvinnustarfsemi.

Endurskoðun sóknaráætlunar Austurlands stendur yfir. Oddviti sat fund því varðandi, um lýðfræði og mannauð 5. apríl.

Málþing um nútíð og framtíð ferðaþjónustu í Fljótsdalshreppi sem haldið var í Végarði 7. apríl og ágætlega sótt og áhugavert. Niðurstöður af málþinginu hafa verið teknar saman til nota fyrir áframhaldandi vinnu.

Verðkönnun vegna framkvæmda við starfsmannahús við Laugarfell stendur yfir, frestur til tilboða til 8. maí.

Hörður Guðmundsson, Víðivöllum ytri 1, hefur verið ráðinn til húsvörslu í Végarði.

ÚÍA hvetur sveitarfélög til að standa fyrir viðburðum tengdum Hreyfiviku 29.05-04.06.

### 3. Deiliskipulag Geldingafell

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 05.04 2017.

Í bréfi Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin hafi yfirfarið framlögð gögn og geri ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Með vísan í 2. mgr. 42.gr skipulagslaga nr. 123/2010 er oddvita falið að auglýsa samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda og með vísan í 3. mgr. 41. gr. sömu laga að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Gjald vegna kostnaðar sveitarfélagsins við skipulagsgerðina, verður innheimt í samræmi við 5. gr. gjaldskrár Fljótsdalshrepps nr.820/2016.

4. **Austurbrú, þjónustusamningur 2017** . Oddvita falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.
5. **Rafhleðslustöðvar**. Ákveðið að setja rafhleðslustöð frá Orkusölonni upp við Laugarfellsskála , en kaupa 2ja bíla stöð til að setja upp við Snæfellsstofu. Skoðað verður með samning við ON vegna stöðvar við Snæfellsstofu.
6. **Ársfundur Austurbrúar ses**. Ársfundur Austurbrúar verður haldinn í Végarði 8 maí kl. 13.00 Oddviti fer með atkvæði Fljótsdalshrepps á fundinum.
7. **Strætisvagnar Austurlands**, almenningsamgöngur.Tillaga stjórnar Sv.Aust ehf. er að öll sveitarfélög á Austurlandi sameinist um að standa að rekstri og umsýslu SvAust. Samþykkt að Fljótsdalshreppur verði þátttakandi í verkefninu .
8. **Kröflulína 3, umsögn um umhverfismat**. Drög að umsögn samþykkt og oddvita falið að senda umsögnina fyrir 5. maí sem var framlengdur frestur til að skila umsögn.
9. **Bréf**
  - a) Lánasjóður sveitarfélaga dags. 19.04 2017. Kynnt. Útgreiddur arður vegna ársins 2016 kr. 106.056-
  - b) Minnisblað frá HAUST dags. 08.04 2017. Kynnt. Varðar stjórnsýslu í umhverfi HAUST.Aðildarsveitarfélög eru hvött til að láta sig varða breytingar s.s. fyrirætlanir um flutning eftirlitsverkefna frá HAUST til MAST og UST.
  - c) Forsætisráðuneytið dags. 03.03 2017. Haldinn verður fundur um málefni þjóðlendna á skrifstofu Fljótsdalshéraðs miðv. 31. maí kl 9:00. Oddviti minntist á að þar væri tækifæri til að ræða samspil þjóðlendulaga og laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Skoðað verður með mætingu á fundinn þegar nær dregur.

- d) Vegagerðin dags. 30.03 2017. Staðfestingu á móttöku umsóknar vegna styrkvega 2017. Sótt var um styrk til lagfæringa á slóð að Fjallaskarðsskála, slóð að Sturluá og Klausturselsleið. Fyrirhugað er að fá grjótmulningstæki sem væntanlegt er, til að fara á grófa kafla á slóðunum. Jafnframt var sótt um styrk til að laga bleytukafla á slóða á Gilsárdal. Þá var sótt um styrk í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð til að laga bleytukafla á slóð að Eyjakofa/Bergkvíslarkofa. Framkvæmdir munu ráðast af því hvort styrkir fást úr styrkvegaskjöldi Vegagerðarinnar.

#### 10. Umhverfisstyrkir.

Bjarki Jónsson, Víðivöllum ytri II. Samþykktur hámarksstyrkur.

#### 11. Fjárbeiðnir

- c) Leikfélag Fljótshéraðs. Samþykkt að styrkja Leikfélagið um kr. 10 þús. vegna uppsetningar á leiksýningu.
- d) BFF, Búum vel verkefnið (frestað afgreiðslu á fundi 06.12 2016). Samþykkt að veita styrk til félagsins um sem nemur kr 5.000- á hvert býli, vegna öryggis og vinnuverndarheimsóknar.

#### 12. Fundargerðir.

- a) Brunavarnir á Héraði 12.04 2017. Kynnt.
- b) Aðalfundur Skógarorku ehf 06.04 2017. Ársreikningur 2016. Kynnt. Í fundargerðinni kemur eftirfarandi fram:

*„Aðalfundur Skógarorku ehf haldinn 6. apríl 2017, samþykkir að stöðva rekstur kyndistöðvarinnar sem allra fyrst. Er stjórninni falin framkvæmd þess og ákveða dagsetningu á lokin. Jafnframt er stjórninni falið að ráðstafa eignum félagsins með sem hagkvæmustum hætti fyrir hlutahafa“.*

Anna Bryndís lýsti yfir undrun með áhugaleysi skógarbænda á nýtingu grisjunarviðar til Kyndistöðvarinnar.

- c) HAUST 05.04 2017. Kynnt.

#### 13. Önnur mál.

- a) Ársreikningur Landbótasjóðs kynntur.
- b) Samþykkt að oddviti færi milli orlofstímabila einn frídag.
- c) Eignarhaldsfélagið Brunabót Íslands boðar forsvarsmenn aðildarsveitarfélaga EBÍ, til kynningarfundar um málefni félagsins á Hótel Héraði kl. 13-14.30.
- d) Oddviti kynnti tölvupóst frá SSA þar sem óskað er lista hvers sveitarfélags um forgangsverkefni í fjármögnun. Óskinn er framkomin vegna fundarhalds forsvarsmanna SSA með fjárlaganefnd Alþingis. Rædd nokkur áhersluatriði sem oddviti mun koma á framfæri.
- e) Rætt um tölvupóst er barst 28. apríl frá kaupanda skólamannvirkja á Hallormsstað og varðar upphitun mannvirkjana, ef viðarkyndistöð Skógarorku verður lokað. Kaupandi vill að seljendur greiði hluta söluverðs mannvirkjana til baka. Sveitarstjórn er ekki þeirrar skoðunar að sveitarfélagið sé bótaskyld gagnvart kaupanda skólamannvirkjana, þótt komi til lokunar á kyndistöðinni, en æskilegt væri ef með einhverjum ráðum tækist að tryggja framtíð kyndistöðvarinnar á staðnum. Málið er í skoðun.

*Þorvarður yfirlag fund kl. 18.20*

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.30. Fundargerð var rituð í tölvu af Þorvarði.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Bryndís Tryggvadóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)